

Skattur á aðildarfélög STÍ 500 kr. Á hvern aðildarfélaga

Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að STÍ skuli taka upp skatt eins og tíðkast hjá mörgum sérsamböndum. Lagt er til að skattur verði kr. 500 á hvern félagsmann og þær tekjur sem STÍ fær úthlutað skuli ráðstafað eftir nánari útfærslu STÍ í þágu aðildarfélagana. Tekur þetta gildi næsta starfsári

Verði þessi ályktun samþykkt falla úr gildi tillögur sem á eftir koma um sama efni með lægri upphæðum.

Greinargerð:

Lagt er til að tekjustofn STÍ af aðildarfélögum og félagsmönnum þess sé ekki einvörðungis tekin af virkustu iðkendunum, keppnisfólkinu í gegnum mótagjöld. Í dag eru mótagjöld eini tekjustofn sem STÍ fær beint frá aðildarfélögum, sem þó er aðeins beint úr vasa okkar virkustu iðkenda. Ekki er óeðlilegt að innheimta mótagjöld en hvetur þingið til þess að mótagjöld verði ekki hækkuð meir. Þessum tekjustofni verði ráðstafað í ákveðin verkefni í þágu aðildarfélagana.

*Útreiknaðar tekjur miðað við fjölda aðildarfélaga 2022 ættu að vera:
5.988 iðkendur = 2.994.000 isk*

Ályktun frá: Magnús Ragnarsson